

50. Stjórnarfundur Alnæmisbarna - fundargerð

Haldinn þriðjudaginn 28. ágúst 2007 kl. 12.00 á Salatbarnum, Faxafeni 9.

Mætt: Helga Tuliníus, Hildur Gestsdóttir, María J. Gunnarsdóttir og Ragna Karlsdóttir

Fjarverandi: Bjarni Reykr Kristjánsson, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir

Fundargerð síðast fundar

Fundargerð síðasta fundar nr. 49 sem haldinn var 6. júní sl. var samþykkt.

Hvað gerst síðan síðast

Greiddur styrkur vegna lóðakaupa CLF 6 M.Ush í júní. MJG fundaði með Sigríður Baldursdóttir í júní og lét hana hafa Memorandum undirritað af formanni og gjaldkera til CLF. Sigríður er að vinna í sex mánuði á vegum ÞSSÍ í Uganda. Hún hefur boðist til að vinna sjálfboðavinnu við CLF til að skoða ákveðna atriði og fékk hún meðfylgjandi tillögur að verkefnum. Rosetta var látin vita og hefur hún staðfest móttöku á Memorandum og rætt við Sigríði um möguleg verkefni. Hún hefur lýst sig fúsa til samstarfs. Tölvubréf var til sent til allra félaga í byrjun júlí n með fréttum af starfi félagsins. Greitt var fyrir húsaleigu fyrir CLF fyrir seinni helming ársins 2007 alls 3,6 M.Ush í júlí.

Verkefnistillaga UAF í Norður Uganda "Mother Child project".

Uganda Australian Foundation hefur sent Alnæmisbörnum tillögu að verkefni sem sem miðar að því að aðstoða barnungar mæður til sjálfshjálpar í norðurhéruðum Uganda. Þar hefur verið stríðsástand í tuttugu ár og meira en 25 þúsund drengjum og stúlkum hefur verið rænt til að nota í hernaði og til kynlífsþrálkunar. Til að stemma stigu við þessu kom ríkisstjórn Uganda á fót vernduðum búðum árið 2003 og mældist til að fólk yfirgæfi heimili sín og flytti í búðirnar. Þetta var gert fólk til verndar en hefur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar. Búðirnar eru yfirfullar, þar skortir allan grunnþjónustu og fólk er algjörlega háð utanaðkomandi matargjöfum. Þetta hefur einnig leitt af sér algjört niðurbrot á samfélagsmynstri og menningu þeirra sem byggja svæðið. Vændi, sjálfsmorð og áfengisvandamál eru algeng. Fólk hefur litla möguleika til sjálfsbjargar og því ríkir þar mikið vonleysi. Þetta bitnar illa á unga fólkinu og börnum. Mikið er um að barnungar stúlkur eignist börn sem þær geta illa séð fyrir.

Verkefnið sem UAF er með tillögu að er að byggja upp miðstöð í Rackoko sem aðstoðar ungar stúlkur á aldrinum 12 til 16 ára sem eru þungaðar eða eru með smábörn. Þær fá húsnæði, fæði, lækniástoð og fræðslu um umönnun ungbarna. Einnig verða þær aðstoðaðar við að afla sér menntunar. Lögð verður áhersla á að styrkja samband þeirra við fjölskyldur sínar. Barnaheimili verður á staðnum.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er um 14 milljónir íslenskar krónur. Sjá nánar í verkefnalýsingu sem send var stjórn í tölvupósti 24. ágúst sl.

Stjórn Alnæmisbarna hefur áhuga á að styrkja þetta verkefni t.d með því að safna fyrir byggingu barnaheimilisins. Kostnaður við það er um 2,8 milljónir kr. Ákveðið að setja starf fjáröflunarnefndar af stað. Einnig ákveðið að funda með ABC hjálparsamtökunum sem eru í miklu samstarfi við UAF í Uganda.

Önnur verkefni og starfið framundan

Umræðum um þennan lið frestað til næsta fundar.

Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 11. júní nk. kl 12. hjá Samorku.

Ritari: María J. Gunnarsdóttir/28.8.2007